

Eiga erfðabreyttar lyfjaplöntur erindi innan um landbúnaðinn?

NÝVERIÐ LAGÐI Orf líftækni fram umsókn til Umhverfisstofnunar og ESB um að planta erfðabreyttu byggi úti undir berum himni á Íslandi. Til umræðu er að planta því í umtalsvert landssvæði við Gunnarsholt á Rangárvöllum til framleiðslu á próteínum, sem ætlunin er að vinna úr söluvöru, m.a. til snyrtivöru- og lyfjaframleiðenda erlendis. Orf hefur áður óskað eftir ræktun utandyra til framleiðslu, við miklar mótþáru ýmissa vísindamanna og sérfræðinga hér á landi, bænda á Suðurlandi, hreyfingar lífrænna bænda, Matvís, Neytendasamtakanna, að ótöldum fjölda hópa náttúruverndar- og umhverfissinna og einstaklinga. Sökum þess hefur ræktun og framleiðsla Orf líftækni á erfðabreyttu byggi farið fram í gróðurhúsi, og margt styður þá kröfu fjölmargra Íslendinga að halda því þannig. Vert er að taka það fram að þess háttar útiræktun sem Orf sækist eftir að stunda á Íslandi er hvergi leyfð í Evrópu.

Þeim fjölgar í sífellu, vísindalegu rannsóknunum sem benda til þess að slík inngrip í náttúruna, sem slepping genabreyttra lífvera út í umhverfið óhjákvæmilega er, geti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér fyrir heilsu dýra og manna og ógni líffræðilegum fjölbreytileika. Þegar ákvörðun er tekin í svo stóru máli er nauðsynlegt að hafa heildarhagsmuni þjóðarinnar og undirstöðuáttvinnugreina hennar í huga.

Afstaða Slow Food

Fjölmargir hópar fólks og hagsmunasamtök á Íslandi, sem og ýmsir vísindamenn hér á landi, hafa nú þegar lýst andstöðu sinni við þessa umsókn Orf. Slow food samtökin eru þar á meðal, en þau eru alþjóðleg samtök, upprunnin á Ítalíu, og ná nú til meira en 100 landa. Alls staðar starfa þau í þeim tilgangi að kynna og efla matvælaframleiðslu sem er góð, hrein og sanngjörn. Góð, í skilningi mikilla bragðgæða, hrein í skilningi náttúruleika og hreinleika í innihaldi, og sanngjörn á þann hátt að framleiðandinn fái ásettanlegt verð fyrir sína framleiðslu. Þær vísbendingar sem fram hafa komið og

leiða líkum að því að erfðabreyttar lífverur geti haft skaðleg áhrif á heilsu manna og dýra vegna smits og ógni líffræðilegum fjölbreytileika, þykja nægilega margar til þess að samtökin álykti að slík ræktun eigi ekkert erindi innan um landbúnað og matvælaframleiðslu.

Nokkrar erfiðar spurningar

Sé þessi hugmynd um útiræktun skoðuð ofan í kjólinn sést að það er margt sem orkar tvímælis miðað við yfirlýsingar stjórnvalda um áherslur fyrir Ísland í framtíðinni, svo ekki sé minnst á hugsanleg áhrif á ímynd Íslands. Íslendingar hafa m.a. skrifað undir alþjóðlega samninga um líffræðilega fjölbreytni sem ekki fara saman við þá áhættu sem tekin yrði með ræktun erfðabreyttra plantna úti í náttúrunni. Íslensk stjórnvöld hafa auk þess markað sér stefnu um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi, sem samræmist heldur ekki þeirri stefnu að rækta hér á landi erfðabreyttar lífverur úti í náttúrunni. Hreinleiki íslenskrar náttúru er gundvöllur ímyndar Íslands, og þar með íslenskra afurða, bæði hér heima sem erlendis. Þessi ímynd hefur verið byggð markvisst upp á löngum tíma; gott dæmi um slíkt starf er heimlíki áttaksverkefni fyrir íslenskar mat- og drykkjarvörur í gegnum Whole Foods Market í Bandaríkjunum. Ætla menn að fórn þeim hagsmunum eða halda áfram að styrkja ímynd landsins af heilindum?

Hvernig yrði þetta í raun?

Heilsu- og náttúruveruverslanir, erlendis sem og á Íslandi, eru augljós markhópur fyrir íslenskar afurðir; heilsu-, náttúruvörur og matvæli. Slíkar verslanir gera að jafnaði þær kröfur að vörur sem þær selja séu, eins og kallað er á ensku, „GMO free“ eða „án erfðabreyttra áhrifa“. Þessu til staðfestingar verða framleiðendur ekki einungis að sýna fram á að hráefnið sjálft sé ekki erfðabreytt, heldur einnig að erfðabreytt ræktun sé hvergi í námunda við það svæði þar sem hráefnið er upprunnið. Hvernig ætla sunnenskir bændur að standa klárir á þessu, t.a.m. hér á heimamarkaði, eða gagnvart aðilum eins og Whole Foods

Erfðabreyttar lífverur

Eygló Björk Ólafsdóttir



viðskiptafræðingur og einn af stofnendum Slow Food á Íslandi
eyglo.bjork@simnet.is

Market í Bandaríkjunum? Hversu mikil nálægð við Rangárvelli verður ásettanleg gagnvart evrópskum vottunaraðilum í því að votta svæði sem „án erfðabreyttra áhrifa“ ef erfðabreytta ræktun er þar að finna, t.d. við Gunnarsholt? Er það þess virði að sú undantekning verði á reglunni, að erfðabreytt ræktun eigi sér stað á Rangárvöllum átölulaust, en að öll önnur svæði á landinu þurfi að lýsa því sérstaklega yfir að þau séu án erfðabreyttra áhrifa til að viðhalda ímynd sinni?

Fjöldi fólks, ekki síst á landsbyggðinni, vinnur nú hörðum höndum að því að efla undirstöðuáttvinnugreinar hagkerfisins í kjölfar hrunsins. Verið er að taka fyrstu skref í nýsköpun af ýmsu tagi, t.d. í ferðaþjónustu, með vistvæna orkugjafa, ýmsa góða tækni og við undirbúning að frekari matvælaframleiðslu, en einmitt þar sjást vaxtabroddar og því til stuðnings hafa verið stofnaðir matvælaklasar allt í kringum landið. Talað er um að byggja upp heilsulandið Ísland! Allt eru þetta hugmyndir sem margar eru sjálfbærar, og/eda byggja á grundvallarhugmyndum um hreinleika Íslands og ímynd landsins um óspillta náttúru. Hugmyndir um ræktun erfðabreyttra lífvera úti í náttúrunni ganga þvert á þessar hugmyndir og grafa undan trúverðugleika fyrir afurðir landsins, svo einfalt er það. Eina leiðin til þess að tryggja að þessir hagsmunir allir geti farið saman er að halda ræktun erfðabreyttra lífvera Orf áfram inni í gróðurhúsi. Það er miklu eðlilegri valkostur miðað við alla þá ódýru orku sem slíku fyrirtæki stendur til boða hér á landi. Og einungis þannig er fyllsta öryggis gætt.

Íslendingar eiga mikið undir óspilltri náttúru og hreinleika. Það yrði óheillaspur ef þeir yrðu fyrsta Evrópuþjóðin sem hleypir framleiðslu á erfðabreyttum lyfjaplöntum út í umhverfið. Það yrði ekki aftur snúið; þannig yrði þeim fómað, þeim tækifærum sem felast í því að halda landinu öllu án erfðabreyttra áhrifa.